

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 10:00 fimmtudaginn 27. febrúar 2026, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Ármann Örn Gunnlaugsson, Edda Hrund Skagfield Guðmundsdóttir, Hlynur Jóhannsson, Sara Sigmundsdóttir, Sveinbjörg Rut Pétursdóttir og Tómas Árdal varamaður. Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður boðaði forföll, Örn Arnarson var fjarverandi. Starfsmenn: Halldór Óli Kjartansson starfandi framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson.

Formaður setti fund og fól svo starfandi framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

Dagskrá:

1 Staða verkefna og starfsemi

Mannamót og ferðapjónustuvikan: Almenn ánægja með Mannamót og gengu þau mjög vel. Erlendir gestir voru á pari við fyrri ár en þó nokkur ný andlit. Það fækkaði aðeins fyrirtækjum að norðan en við vinnum það upp.

Ferðapjónustuvikan gekk einnig vel, hluti af viðburðum verða endurskoðaðir og við fáum aftur hlutverkið að verkefnastýra vikunni sem við gáfum frá okkur áður.

Verið er að skoða að halda Mannamót í sömu viku og Mid Atlantic sem er þá síðasta vikan í janúar. Kostir eru færri ferðalög og fleiri erlendir gestir á Mannamót. Áskoranir eru lengri viðvera í höfuðborginni og þorablót.

Höfum fundað með Íslandsstofu um samstarfið og það er meira að gerast. Við erum að fá hópblaðmannaferð í næsta mánuði og unnið er að því að virkja samráðs og verkefnahópa þvert á landið.

Við erum í vinnuhópi við uppfærslu á gagnagrunni FMS og það gengur, áætlað er að nýr grunnur komi í gagnið fljótlega.

Vinna við heimasíðu er þá núna að hefjast samhliða. Við erum að fara í almennar uppfærslur í tengslum við gervigreind sem tengist beint nýtingu gagna úr grunninum og þá erum við líka að skoða betur virkni í birtingu svæða og svæðisbundinna upplýsinga.

MAS hélt árlegan fund með stoðkerfi ferðapjónustunnar þar sem við fórum yfir okkar verkefni með það að markmiði að við stígum í takt þvert á landið. Okkar áhersla er áþekkt síðasta ári en við erum að vinna að stórum verkefnum sem eru að þroskast. Stefnumótun MAS samstarfsins var einnig uppfærð til þess að kjarna betur hvernig markaðsstofur landshlutanna vinna saman og nýta sína sérþekkingu milli svæða.

MAS tók þátt í Ratsjár verkefni sem er leitt af ferðaklasanum en sniði að starfsfólki mas. Verkefninu er nú lokið í bili og það var kostað af bakhjörllum Ratsjárinnar. Við þökkum fyrir það og sjáum tækifæri í því að móta svona verkefni frekar.

Viljayfirlýsing um samstarf MAS við Cruise Iceland er í vinnslu og verður kynnt stjórn formlega þegar þar að kemur.

Við áttum samtöl við SSNE og SSVN um skemmtiferðaskipaverkefni sem er í frekari þróun og lítur vel út.

Við vinnum áfram að gönguleiðum á Norðurlandi og SSNE hefur falið okkur að skrásetja fleiri gönguleiðir, SSNV er með málið til skoðunar. Norðurstrandarleið fékk stuðning frá SSNV í sérstakt sögu verkefni.

Verkefni um menningar og sögutengda ferðþjónustu í samstarfi við Hæfnissetrið er í vinnslu og hefur fengið jákvæðar viðtökur, við vinnum það áfram.

Icelandair er að fara í stóra markaðsherferð í kringum landið og hefur óskað eftir þátttöku MN í verkefninu sem felur mest megnis í sér ráðgjöf og við tókum vel í það.

Rúbin verkefnið er svo í fullum gangi, næstu skref eru að nýta vinnu í staðfærslu áfram og þróa markaðsheiti og áherslur í verkefninu. Reiknum með að það gerist á næstu vikum.

HUB eða kjarnasvæða verkefnið er í fullum gangi og fundaröð er afstaðin. Verkefnið snýst um framtíðarsýn í þróun áfangastaðarins Norðurlands, þar sem áhersla er lögð á að þróa nokkur kjarnasvæði í ferðþjónustu á sjálfbæran hátt (sustainable hub development in tourism). Hvert kjarnasvæði hefur þá sitt sérkenni/þema og getur boðið ferðamönnum upp á nægt úrval af bæði þjónustu og afþreyingu til að dvelja í 3-4 daga. Verkefnið er unnið með virkri aðkomu Kontiki Reisen og Voigt Travel, sem sjá mikil tækifæri fyrir sjálfbæra uppbyggingu ferðþjónustu hér til framtíðar.

Starfsáætlun er í vinnslu, drög að henni kynnt fyrir stjórn.

Framundan:

Frekari úrvinnsla og erftirfylgni verkefna hér að framan.

Við sækjum ITB Berlín í mars og fundarbókin þar lítur vel út.

Við erum að skoða möguleika á að halda vinnustofu í apríl á Bretlandsmarkaði, óvíst hvort það næst fyrir sumarið.

Það eru margar ferðir með blaðamenn núna næsta leiti sem við sinnum í mars en undirbúningur hefur átt sér stað síðustu mánuði.

Heimsókn ferðamálastjóra er í lok mars og við erum að skipuleggja hana ásamt því að reyna fá ráðherra með í för. Þau vilja kynna sér fjárfestingar á svæðinu og hitta fólk.

Við erum efnisvinnslu núna í mars og apríl bæði á okkar vegum og að aðstoða aðra í þeim tilgangi.

Sveitarstjórnarkosningar eru handan við hornið og við sækjum fundi og samtöl í tengslum við það. SAF er að setja upp gagnapakka sem við nýtum og reynum að vinna með þeim eins og kostur er og koma okkar áherslum fyrir.

4 Starfsmannamál

Rögnvaldur sagði upp störfum frá og með 1. janúar 2026 og hættir störfum 31. mars 2026. Búið er að auglýsa eftir starfsmanni í starf verkefnastjóra markaðsmála og miðlunar. Umsóknafrestur er til 2. mars og talsverður fjöldi umsókna kominn nú þegar.

2 Fjármál

Halldór fór í gegnum stöðu fjármála MN og uppgjör síðasta árs. Staðan er góð og heilt yfir skv. áætlun, framundan er ársreikningagerð og endurskoðun.

3 Flugverkefni

Hjalti fór yfir stöðu flugmála.

Flug easyJet í vetur gengur mjög vel. Nýtingin er mun betri en síðasta vetur, bæði frá London og Manchester, og stefnir í að flugleiðirnar verði sjálfbærar fljótlega ef þessi þróun heldur áfram. Miðað við bókunarstöðu í lok janúar stefnir í 30% fleiri farþega í vetur en veturinn á undan – bæði vegna betri sætanýtingar og vegna þess að flugáætlunin frá LGW hófst mánuði fyrr núna í haust (október í stað nóvember áður). Flugþróunarsjóður hefur stutt við flugið frá upphafi. Stærsti hluti stuðnings er í formi sameiginlegrar markaðssetningar á áfangastaðnum með flugfélaginu (króna á móti krónu framlag). Þessi markaðssetning hefur aukið vitund um áfangastaðinn í UK og er smám saman að skila sér. 50% farþeganna hefja ferðalagið á Akureyri – 50% í Bretlandi. Flugklasinn hefur átt mjög gott samstarf við easyJet og mun halda áfram að vinna með þeim að (vonandi) lengri flugáætlun og mögulega fleiri áfangastöðum í framtíðinni.

Leiguflug frá Hollandi og Sviss eru í fullum gangi – nánast sama áætlun í vetur og síðasta vetur. Bókanir frá Sviss eru betri en í fyrra, en það er ekki aukning frá Hollandi. Ferðaskrifstofurnar sem standa að þessum flugum (Kontiki Reisen og Voigt Travel) eru að leggja mikið í markaðssetningu á Norðurlandi. Bæði með beinni markaðssetningu, en líka með því að senda hingað hópa af sölufólki til að kynna þeim áfangastaðinn og hvetja þannig til aukinnar sölu. Einnig hafa þau tekið virkan þátt í vöruþróun á Norðurlandi með heimafólki (sbr. Hub verkefni). Þessir aðilar eru þannig að fjárfesta verulega í áfangastaðnum Norðurlandi til framtíðar.

Þekkingarfærsla milli Norðurlands og Norður-Finnlands. Hjalti fer í stutta kynningarferð til Finnlands í mars. Ferðin er hugsuð sem undirbúningur að fræðsluferð fyrir íslenska ferðapjónustuaðila til Finnlands, og móttöku finnskra ferðapjónustuaðila hingað til Norðurlands.

Flugklasinn, í gegnum Nature Direct samstarfið, er áfram í virku samtali við flugfélög um að hefja beint millilandaflug til Akureyar. Viðræður eru í gangi og í besta falli gæti komið inn nýtt flug til Akureyar sumarið 2027 eða veturinn þar á eftir. Það er ekkert fast í hendi, en það er greinilegt að áhugi á flugi til Akureyar hefur aldrei verið meiri og á velgengi easyJet sinn þátt í því.

Í gær, 26. febrúar, sönnuðu varaflugvellir landsins gildi sitt. Vegna veðuraðstæðna á Keflavíkurflugvelli beindi Icelandair 15 þotum sínum sem voru að koma frá Evrópu til annarra flugvalla á Íslandi. 5 lentu á Reykjavíkurflugvelli, 2 á Egilsstöðum og 8 á Akureyarflugvelli. Ef ekki hefði verið komið stærra flughlað á Akureyri, hefði ekki verið mögulegt að taka við þessum fjölda flugvéla. Fjárfesting í þessum nauðsynlegu innviðum, alþjóðaflugvöllunum okkar, er algjör nauðsyn til framtíðar, m.a. til að geta tekist á við aðstæður eins og í gær og tryggja flugöryggi. Þetta minnir okkur á að setja fullan þunga á kröfugerð um að áfram verði haldið að byggja upp á Akureyarflugvelli. Mjög brýnt er að setja upp aðflugsljós við norðurenda brautarinnar og svo ætti einnig að setja strax á dagskrá stækkun á flugstöðinni. Í gær voru 600 manns í þeim 4 þotum sem þurftu að bíða lengi eftir því að komast til KEF (4 þotur komust af stað innan fárra klst.), en í núverandi flugstöð mega ekki vera fleiri en 450 manns – að starfsfólki meðtöldu. Frekara reglulegt millilandaflug kallar einnig á þreifarlega á stærri flugstöð.

5 Önnur mál

Formaður sendi starfsfólki þakkir fyrir vel unnin störf.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:15

Fundarritari: HPP